

## Merkurtún, útivistarsvæði á Akranesi

### Hugmyndir frá Landhönnun slf. að hönnun svæðis

Við viljum leggja áhersla á að viðhalda grænu yfirbragð sem einkennir svæðið í dag og að haldið sé í núverandi gróður sem umlykur svæðið að stórum hluta. Hugmyndin er að byggja upp leik- og útivistarsvæði þar sem ólíkir hópar, á ólíkum aldri, geta komið saman og fundið eitthvað við sitt hæfi.

Horft er til þeirra fjölmörgu óska og hugmynda sem komið hafa fram frá hagsmunaaðilum varðandi skipulag svæðisins, en á sama tíma er ljóst að svæðið getur ekki innihaldið allt sem nefnt hefur verið.

Til að koma til móts við ólíkar þarfir er horft til uppbyggingar sem geti þjónað fleiri hlutverkum á sama tíma og á ólíkum árstíma. Liður í því er að lagt er til að byggja malbikaðan völl sem þjónað gæti ýmsum hlutverkum. Völlurinn yrði niðurgrafinn um 30-40cm með setkanti í kring. Kanturinn gæti verið vettvangur hjólabrettafólks og nýst sem „batti“ í kringum boltavöll. Við völlinn væri hægt að hafa boltakörfur og þar væri hægt einnig hægt að spila bandý. Völlurinn væri lágréttur og þéttur þannig að hægt væri með auðveldu móti að setja vatn í og búa til skaupasvell þegar aðstæður leyfa. Einnig mætti hugsa sér að setja mætti þunnt lag af vatni í völlinn á góðviðrisdögum og búa þannig til tjörn! Sólarveginn við völlinn væri uppbyggð gras- og gróðurmön sem þjónaði hlutverki sólbrekku.


Áhersla er lögð á „náttúruleg“ hughrif af upplifun svæðisins og að ekki verði sett inn „hefðbundin“ leiktæki í miklu mæli. Þess í stað er horft til staðbundina einkenna á Akranesi eins og Langasands við efnisval á svæðið. Skoðað verði hvort nota mætti gulan sand sem yfirborðsefni á leiksvæðum og gróðursvæðum. Horft er til áhugaverðra dæma um samsetningu á trjádrumbum í ýmsum formum sem gæti verið vettvangur fyrir ólíka leiki, klifur og samveru. Slíka drumba mætti einnig nota sem byggingarefni fyrir rólur, vegasölt, kofa og fleira. Í þessu samhengi væri þó hugað að aðgengi hreyfihamlaðra. Hægt væri að koma fyrir steinum, drumbum og köðlum með ýmsum hætti hér og þar á svæðinu. Lagt er til að byggður verði rennibrautaturm sem myndi verða kennileyti svæðisins. Turn þessi gæti haft yfirbragð tröllskessunnar Jóku sem flutti Akrafjall á sinn stað! Og talandi um fjöll, annað byggingarefni og einkenni svæðisins væri grjót og klettur sem mögulega myndu falla til við framkvæmdir í bænum. Grjótið yrði notað með trjádrumbum á ólíkan hátt og er vísað í meðfylgjandi ljósmyndir varðandi yfirbragð svæðisins.




Á auðri lóð við norðurhlið svæðisins væri óskandi að koma upp kaffihúsi sem þjónað gæti svæðinu og hverfinu. Húsið væri aðgengilegt frá götu en sunnan megin væri útisvæði með útsýni upp í garðinn. Ekki er lagt til að hreyft verði við hoppubelgnum um sinn a.m.k. en skoða mætti framtíð hans í víðara samhengi seinna meir.

Sunnan megin í svæðinu mætti byggja upp litla sleðabrekku sem snéri þannig til norðurs. Og við enda hennar mætti koma fyrir hengirólu, en bæði þessi atriði komu fram í óskalistum sem lágu til grundvallar.

Eitt af einkennum Akranes í gegnum árin er Sementsverksmiðjan. Án þess að gera of mikið úr þeirri tengingu mætti hugsa sér að í garðinum yrði steipt einkennandi stígur með óreglulegri lögun. Lagt er til að steypan verði rauðbrún á lit. Meðfram stéttinni væru ljóspollar sem myndi skapa aðlaðandi stemmningu á sumri sem vetrum. Innan undir setkantinum kringum fjölnota völlinn mætti koma fyrir led-ljósborðum sem myndu teikna upp form svæðisins mjúkri ljóslínu. Þetta gæti verið sérlega aðlaðandi í skammdeginu og einnig þegar vatn eða ís legði yfir svæðið!



Sneiðmynd 1, sólbrekka, drumba- og grjótklifurgrind, völlur / tjörn með setkanti í kring.



Sneiðmynd 2, völlur / tjörn með setkanti, göngustígur, pollaljós, grjót- og drumbaklifurgrind, turn með rennibrautum.



Sneiðmynd 3, þvert yfir garðinn, skjólgróður báðu megin.



Yfirlitsmynd, skipulag Merkurtúns, völlur sem malbik



Yfirlitsmynd, skipulag Merkurtúns, völlur sem tjörn.

## Nokkrar stemmningsmyndir úr garðinum

